

## Svar

### félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Valgerði Árnadóttur um starfsfólk starfsmannaleigna.

1. *Hversu margar starfsmannaleigur eru starfræktar á Íslandi?*

Í desember 2023 voru 22 starfsmannaleigur skráðar hjá Vinnumálastofnun í samræmi við lög um starfsmannaleigur, nr. 139/2005.

2. *Hversu margir hafa komið hingað til lands til að starfa hjá starfsmannaleigum síðastliðin túi ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum, atvinnugreinum, ríkisfangi og kyni starfsfólks.*

Í meðfylgjandi fylgiskjölum má sjá fjölda starfsfólks sem hefur starfað á hverju ári hjá starfsmannaleigum síðastliðin túi ár, greint eftir árum, atvinnugreinum, ríkisfangi og kyni. Upplýsingarnar eru fengnar frá Vinnumálastofnun.

3. *Hversu lengi hefur starfsfólk starfsmannaleigna dvalið að jafnaði á Íslandi síðastliðin túi ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Upplýsingar um hve lengi starfsfólk starfsmannaleigna hefur dvalið að jafnaði hér á landi liggja hvorki fyrir hjá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu né hjá Vinnumálastofnun. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um hvort og þá hvar unnt er að nálgast slíkar upplýsingar.

4. *Er íbúðarhúsnæði sem starfsfólk starfsmannaleigna er boðið tekið út með tilliti til brunavarna?*

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, fer innviðaráðuneyti með mál er varða brunavarnir. Upplýsingar um hvort íbúðarhúsnæði sem starfsfólk starfsmannaleigna er boðið sé tekið út með tilliti til brunavarna liggja því hvorki fyrir hjá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu né hjá Vinnumálastofnun.

5. *Er fólk sem hingað kemur til að starfa hjá starfsmannaleigum upplýst um réttindi sín samkvæmt vinnulöggjöf af Vinnumálastofnun, Vinnueftirlitinu eða viðkomandi stéttarfélagi?*

Við vinnustaðaeftirlit Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins eru starfsmenn starfsmannaleigna almennt upplýstir um réttindi sín á vinnumarkaði samkvæmt þeim lögum sem gilda hér á landi. Þá má nálgast upplýsingar um skyldur starfsmannaleigna og réttindi starfsfólks starfsmannaleigna á vefsíðu Vinnumálastofnunar. Á vefsíðu Vinnueftirlits ríkisins má enn fremur finna almennar upplýsingar í tengslum við vinnuvernd á vinnumarkaði hér á landi. Á vefsíðunni [posting.is](http://posting.is) má jafnframt nálgast helstu upplýsingar um réttindi og skyldur starfsfólks erlendra þjónustuveitenda og starfsmannaleigna á íslenskum vinnumarkaði.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið býr ekki yfir upplýsingum um samskipti stéttarfélaga við fólk sem kemur hingað til lands í því skyni að starfa hjá starfsmannaleigum.

**Fylgiskjal I.**

**Starfsmannaleigur. Atvinnugreinar eftir árum.**

[www.althingi.is/altext/pdf/154/fylgiskjol/s1343-f\\_I.pdf](http://www.althingi.is/altext/pdf/154/fylgiskjol/s1343-f_I.pdf)

**Fylgiskjal II.**

**Starfsmannaleigur. Ríkisfang eftir árum.**

[www.althingi.is/altext/pdf/154/fylgiskjol/s1343-f\\_II.pdf](http://www.althingi.is/altext/pdf/154/fylgiskjol/s1343-f_II.pdf)

**Fylgiskjal III.**

**Starfsmannaleigur. Kyn eftir árum.**

[www.althingi.is/altext/pdf/154/fylgiskjol/s1343-f\\_III.pdf](http://www.althingi.is/altext/pdf/154/fylgiskjol/s1343-f_III.pdf)